

AUGLÝSING

123

3. júlí

um breyting á erindisbréfi fyrir yfirfiskimatsmenn nr. 70 3. júlí 1933.

Niðurlag 7. gr. erindisbréfs fyrir yfirfiskimatsmenn frá og með orðunum: „Þegar fiskur er fluttur út í pökkum“ o. s. frv., falli niður, en í stað þess komi:

Þegar fiskur er fluttur út í pökkum, skal yfirfiskimatsmaður gæta þess, að umbúðirnar séu fullnægjandi og ekki notaður rýrari strigi en reglugerð um umbúðastriga frá 23. júlí 1937 mælir fyrir. Saltfiskur skal ætíð bundinn í góðar strigaumbúðir eða um hann búið á annan eigi ótryggari hátt. Þó getur fiskimatsstjóri leyft að flytja út óverkaðan fisk í lakari umbúðum eða lausan, ef um lélegar eða ódýrar fisktegundir er að ræða eða ef sérstaklega stendur á.

Yfirfiskimatsmenn skulu sjálfir annast eftirlit það, er grein þessi ræðir um, að svo miklu leyti, sem því verður við komið, en annars fela þeir það fiskimatsmönnum fyrir sína hönd. Með samþykki fiskimatsstjóra geta yfirfiskimatsmenn einnig gefið hleðslustjórum með fisktökuskipum umboð til að annast nokkurn hluta eftirlitsins, enda sé það fram tekið í umboðinu eða sérstöku erindisbréfi fyrir hleðslustjóra, hve langt þetta eftirlit þeirra nær.

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns eða umboðsmanns fyrir hans hönd er ekki hlýtt, getur yfirfiskimatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 3. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 124
3. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

REGLUGERÐ

fyrir Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Styrktarsjóður sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. janúar 1939 af Styrktarsjóð sjúklinga af Reykjahæli og Styrktarsjóð sjúklinga í Hressingarhælinu í Kópavogi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla sjúklinga á hælinu.

4. gr.

Sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður á öruggum stað. Má aldrei skerða höfuðstólinn, og það sem lagt er við hann rennur algerlega inn í hann og kemur undir sömu ákvæði.